

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlauna- og styrktarsjóð Kvennaskólans í Reykjavík.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Verðlauna- og styrktarsjóður Kvennaskólans í Reykjavík og starfar skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að verðlauna við brautskráningu þann nemanda eða nemendur Kvennaskólans sem hafa náð góðum árangri í námi eða sýnt miklar framfarir á námstímanum. Í öðru lagi að veita styrki til nemenda sem vegna fjárhagsstöðu sinnar eiga á hættu að hverfa frá námi við skólann eða á annan hátt eiga í erfiðleikum með að sinna náminu. Í þriðja lagi að styrkja starfsfólk skólans sem hefur orðið fyrir ófyrirséðum áföllum.

4. gr.

Úthlutun úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal leggja til hvort úthlutað skuli úr sjóðnum við brautskráningu nemenda hverju sinni. Umsókn um styrk úr sjóðnum til nemanda skal berast frá stoðþjónustu við nemendur Kvennaskólans. Umsókn um styrk úr sjóðnum er varðar starfsfólk skólans skal berast frá skólameistara.

5. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Kvennaskólinn í Reykjavík, kt. 650276-0359. Stofnandi stofnar sjóðinn samhliða niðurlagningu á eldri sjóðum sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og eru í vörslu skólans, nánar tiltekið:

Styrktarsjóður hjónanna Páls og Thoru Melsteðs, nr. 43/1920, nr. 185 á sjóðaskrá,

Styrktarsjóður kennara við Kvennaskólann í Reykjavík, nr. 38/1949, nr. 691 á sjóðaskrá,

Kristjönugjöf, nr. 82/1949, nr. 697 á sjóðaskrá,

Verðlaunasjóður Guðrúnar J. Briem, nr. 36/1954, nr. 816 á sjóðaskrá,

Móðurmálssjóður Kvennaskólans í Reykjavík, nr. 75/1975, nr. 1146 á sjóðaskrá,

Hildarsjóður, nr. 250/1975, nr. 1154 á sjóðaskrá,

Verðlaunasjóður frk. Ragnheiðar Jónsdóttur, skólastjóra, nr. 275/1982, nr. 1257 á sjóðaskrá.

6. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er 2.146.996 kr. og er það lagt fram úr eignum eftirtalinna sjóða, miðað við stöðu 31. desember 2024, sem lagðir hafa verið niður og voru í vörslu Kvennaskólans í Reykjavík, sbr. 5. gr.:

Styrktarsjóður hjónanna Páls og Thoru Melsteðs, nr. 185 á sjóðaskrá, 32.519 kr.

Styrktarsjóður kennara við Kvennaskólann í Reykjavík, nr. 691 á sjóðaskrá, 424.919 kr.

Kristjónugjöf, nr. 697 á sjóðaskrá, 409.431 kr.

Verðlaunasjóður Guðrúnar J. Briem, nr. 816 á sjóðaskrá, 419.465 kr.

Móðurmálssjóður Kvennaskólans í Reykjavík, nr. 1146 á sjóðaskrá, 391.496 kr.

Hildarsjóður, nr. 1154 á sjóðaskrá, 37.670 kr.

Verðlaunasjóður frk. Ragnheiðar Jónsdóttur, skólastjóra, nr. 1257 á sjóðaskrá, 431.496 kr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Kvennaskólinn í Reykjavík hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum til fimm ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir einstaklingar í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn sjóðsins. Missi stjórnarmenn eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum sjóðsins í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Bókhald.

Sjóðurinn skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald, nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir sjóðinn.

11. gr.

Endurskoðendur.

Sjóðurinn skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

Ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfund sjóðsins til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

12. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

13. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumanns. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

14. gr.

Persónuvernd.

Sjóðurinn vinnur með persónuupplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar eru einungis notaðar í þeim tilgangi sem nauðsynlegur er fyrir starfsemi sjóðsins og ekki miðlað til þriðju aðila nema lög heimili eða samþykki liggi fyrir.

15. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 4. febrúar 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 18. febrúar 2026